

Tengslaofbeldi kvenna Sænskar rannsóknir

Árið 2011 skrifaði Elin Arvidsson ritgerð í félagsráðgjöf við Miðháskólann (Mittuniversitetet) í Sundsvald. Titill ritgerðarinnar er: „Fórnarlamb á forsendum samfélagsins: Eigindleg tilviksrannsókn um ofbeldi kvenna gegn körlum í nánnum samböndum og viðbrögð samfélagsins við þessum flókna vanda“ (Offer på samhällets villkor: En kvalitativ fallstudie om kvinnors våld mot män i nära relationer och samhällets bemötande av denna komplexa problematik).

Aðferðin fólst sem sé í viðtali við einn karlmann, sem orðið hafði fyrir ofbeldi eiginkonunnar. Elín segir:

„Rannsóknin beinir athygli að og vekur spurningu um, að hve miklu leyti kynhlutverk skipti máli með tilliti til aðgerða og samfélagslegra úrræða fyrir þá karlmenn, sem berskjaldaðir eru fyrir ofbeldi. Ofbeldi kvenna í nánnum tengslum er samfélagslegur vandi, sem sjaldan ber á góma í fjölmiðlum og vísindalegri umræðu. Það leiðir til, að vandinn fellur í gleymsku og dá, ásamt nauðsynlegum samfélagsúrræðum.“

Árið 2012 skrifuðu þær Madeleine Högsander og Sanna Sandin kandidatsritgerð í félagsráðgjöf við Háskólann (Högskola) í Gävle. Titill ritgerðarinnar er, ”Hún réði því, hvort ég dró lífsandann eða ekki. Reynsla karla af ofbeldi kvenna í nánnum tengslum (”Det var hon som bestämde om jag skulle andas eller inte.” Mäns erfarenheter av kvinnors våld i nära relationer).

Stöllumnar áttu viðtöl við fjóra karla, sem buðu sig fram í kjölfar eftirgrenslnar á karlaathvörfum (mansjour) í Mið og Norður Svíþjóð. Þeir voru allir yfir tvítugu. Þær segja:

”Niðurstöður rannsóknarinnar drógu fram í dagsljósið angist, sjálfmeiðandi hugsanir, hræðslu, skömm og sektarkennd hjá þátttakendum. Sektarkenndin tengdist sjálfsskilningi þeirra og atlögu gegn honum. [Sektarkenndin] Játti rætur í þeirri reynslu að vera fórnarlamb kvenkyns árársarmanns. Karlarnir urðu þess einnig varir, að samfélagið hvorki gæti, né kærði sig um að liðsinna þeim. Niðurstöðurnar benda til, að karlar, sem verða fyrir ofbeldi af hálfu [kvenkyns] lífsförunautar, kynnu að búa við andlegar kaunir. [Enn fremur] kynnu viðhorf til „karlmennsku“ að stuðla að andlegri vanheilsu. [Jafnframt] þyrftu valdhafar að koma betur til móts við hlutaðeigandi karla.“

Sama ár skrifaði Linda Dackemo lokaritgerð í sálfræði við Tækniháskólann í Luleå. Titill ritgerðar hennar er: „Ofbeldi kvenna gegn körlum. Hvernig berskjölduðum körlum, fórnarlömbum ofbeldis náinna kvenna, líður í Svíþjóð“ (Kvinnors våld mot män. Hur män utsatte för intimt partnervåld av kvinnor har det i dagens Sverige).

Aðferðin er eigindleg, viðtöl við tólf karla, sem berskjaldaðir voru fyrir ofbeldi [kven]lífsförunautar. Linda segir m.a.:

„Þegar fjallað er um ofbeldi karla gegn konum í Svíþjóð er oft og tíðum bent á, að orsökina megi finna í misrétti kynjanna (bristande jämställdhet). Þrátt fyrir umræðu um jafnrétti ber ofbeldi kvenna gegn körlum ekki á góma. ...

Niðurstöður sýna, að umræddir karlar höfðu mátt þola andlegt, líkamlegt og jafnvel kynferðislegt ofbeldi í nokkrum tilvikum. Þegar þeir bára sig illa undan ofbeldinu við valdhafa voru þeir gerðir að athlægi, lítilsvirtir (nonchalarade) og ekki teknir góðir og gildir.“

<https://www.aftonbladet.se/relations/a/KvWpJE/misshandlad--och-hanad>